



—
BÆN OG FAÐIR VOR

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjógungun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði -
líf mannlegt endar skjótt.

Sb. 1671 - Hallgrímur Pétursson



—
MOLDUN

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Sb. 1671 - Hallgrímur Pétursson

—
BLESSUN

—
EFTIRSPIL

Prestur: Sr. Karen Hjartardóttir
Undirleikur: Guðlaug Hestnes
Söngur: Samkór Hornafjarðar
Umsjón: Örn Arnarson

*Fjölskyldan þakkar
auðsýndan hlýhug og samúð*



Bragi Emilsson



Fæddur 10. janúar 1935

Dáinn 9. febrúar 2024

*Útför frá Hafnarkirkju
miðvikudaginn 14. febrúar 2024*

FORSPIL

SIGNING OG BÆN

Kallið er komið,
komin er nú stundin,
vinaskilnaðar viðkvæm stund.
Vinirnir kveðja
vininn sinn látna,
er sefur hér hinn síðsta blund.

Margs er að minnast,
margt er hér að þakka.
Guði sé lof fyrir liðna tíð.
Margs er að minnast,
margs er að sakna.
Guð þerri tregatárin stríð.

Far þú í friði,
friður Guðs þig blessi,
hafðu þökk fyrir allt og allt.
Gekkst þú með Guði,
Guð þér nú fylgi,
hans dýrðarhross þú hljóta skalt.

Grátnir til grafar
göngum vér nú héðan,
fylgjum þér, vinur. Far vel á braut.
Guð oss það gefi,
gláðir vér megum
þér síðar fylgja' í friðarskaut.
Sb. 1886 - Valdimar Briem

RITNINGARLESTUR

Lýs, milda ljós, í gegnum þennan geim,
mig glepur sýn,
því nú er nótt, og harla langt er heim.
Ó, hjálpin mín,
styð þú minn fót; þótt fetin nái skammt,
ég feginn verð, ef áfram miðar samt.

Ég spurði fyrr: Hvað hjálpar heilög trú
og hennar ljós?
Mér sýndist bjart, en birtan þvarr, og nú
er burt mitt hrós.
Ég elti skugga, fann þó sjaldan frið,
unz fáráð öndin sættist Guð sinn við.

Þú ljós, sem ávallt lýsa vildir mér,
þú logar enn,
í gegnum báru, brim og voðasker.
Nú birtir senn.
Og ég finn aftur andans fögru dyr
og engla þá, sem barn ég þekkti fyrr.
Newman / Matthías Jochumsson / C. H. Purday

RITNINGARLESTUR

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Foersom - Sb. 1871 - Sveinbjörn Egilsson

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

Matthías Jochumsson - P. C. Crossing

GUÐSPJALL

Húmar að kveldi, hljóðnar dagsins ys,
hnígur að ægi gullið röðulblys.
Vanga minn strýkur blærinn blíðri hönd,
og báran kveður vögguljóð við fjarðarströnd.
Ég er þreyttur, ég er þreyttur,
og ég þrái svefnisins frá.
Kom, draumanótt, með fangið fullt af friði og ró.

Syngdu mig inn í svefninn ljúfi blær.
Sorgmæddu hjarta er hvíldin jafnan vær.
Draumgyðja ljúfa, ljá mér vinarhönd,
og leið mig um þín töfragæstu friðarlönd.
Ég er þreyttur, ég er þreyttur,
og ég þrái svefnisins frá.
Kom, draumanótt, með fangið fullt af friði og ró.

Forster / Jón frá Ljárskógum



MINNINGARORÐ

Líknargjafinn þjáðra þjóða,
þú sem kyrrir vind og sjó,
ættjörð vor í ystu höfum
undir þinni miskunn bjó.
Vertu með oss, vaktu hjá oss,
veittu styrk og hugarró.
Þegar boðinn heljar hækkar,
Herra, lægðu vind og sjó.

Föðurland vort hált er hafið,
helgað þúsund fedra dáð.
Þangað lífsbjörg þjóðin sótti,
þar mun verða stríðið háð.
Yfir logn og banabylgju
bjarmi skín af Drottins náð.
Föðurland vort hált er hafið,
hetjulífi' og dauða skráð.

Þegar brotnar bylgjan þunga
brimið heyrir yfir fjöll,
þegar hendir sorg við sjóinn
syrgir, tregar þjóðin öll,
vertu ljós og leiðarstjarna,
lægðu storm og boðaföll,
líknargjafinn þjáðra þjóða,
þegar lokast sundin öll.

Drottinn, þinnar ástar óður
endurhljómi' um jörð og höf.
Breiddu þína blessun yfir
blóma lífs og þögla gróf.
Vígi' og skjöldur vertu þeim sem
vinda upp hin hvítu tróf.
Drottinn, þinnar ástar óður
endurhljómi' um jörð og höf.

Texti: Jón Magnússon / Lag: Charles C. Converse